

Greinargerð rekstraraðila Vínlandsseturs september 2020

Vð undirrituð fengum Leifsbúð og Vínlandssýninguna til okkar ráðstöfunar morguninn 4. júlí, rétt um það leyti þegar síðasti iðnaðarmaðurinn fór úr húsinu. Formleg opnun var þann 5. júlí, en okkur tókst, með því að taka að okkur nokkur verk í lok framkvæmdanna (m.a. klára innréttingar, þrif og tiltekt) að lofa Dalamönnum að njóta sýningarinnar daginn fyrir formlega opnun. Það má segja að aðferðafræðin „þetta reddast“ hafi svifið yfir vötnum síðustu daga júní og fyrstu daga júlí. Og þetta gekk allt saman með mikilli vinnu fram á nætur.

Það voru auðvitað margar ástæður fyrir þessu og ekki síst heimsfaraldur Covid 19.

Þessi seina afhending hefur dálítið staðið okkur fyrir þrifum í rekstri, enda ekki hægt að byrja markaðssetningu til einstaklinga fyrr en eitthvað er vitað um afhendingu, en erlendir ferðamenn ákveða oftast með talsverðum fyrirvara hvert þeir ætla á ferðalagi sínu.

Við fengum hins vegar mjög mörg tækifæri til að kynna starfsemina á innlendum vettvangi og vorum vel undirbúin undir það, þannig að íslenskir gestir skiluðu sér mjög vel.

Í heildina er sumarið þannig að um 95% gestanna voru Íslendingar, bæði á sýninguna og í veitingar. Ferðamynstur Íslendinga er almennt þannig að þeir fara um landið frá 20. júní og fram yfir verslunarmannahelgi og virðist það hafa verið mynstrið í ár, þótt margfalt fleiri hafi ferðast en í venjulegu ári. Júlí kom vel út og stóð starfsemin undir sér þann mánuð, en við dróum saman starfsemina um leið og umferð minnkaði, til að hafa tapdaga sem allra fæsta.

Ákvarðanir stjórnvalda um að setja sóttkví á erlenda ferðamenn, sem gengu í gildi 19. ágúst hafa þau áhrif að erlendum ferðamönnum hefur stórfækkað með haustinu. Í íslenskri ferðaþjónustu eru það ávallt erlendir ferðamenn sem halda uppi haustinu, þannig að okkur er nauðugur sá kostur að loka í bili, þrátt fyrir að samningur okkar kveði á um annað. Eigum við von á að sveitarstjórn taki þessu vel, til að tryggja að starfsemin geti haldið áfram næsta ár, án áfalla.

Við stefnum samt á að hafa opið fyrir hópa og á viðburði í vetur, sem verða kynntir síðar.

Vegna þess að húsnæðið var ekki alveg tilbúið við afhendingu (og er reyndar ekki enn alveg tilbúið) þá hafa leyfisveitendur verið að gefa okkur fresti á ýmsu, sem þarf að laga, en vonandi verður hægt að leysa það í góðri samvinnu við sveitarfélagið á næstu vikum.

Vegna óvissu í öllu sem við kemur heimsfaraldri erum við að horfa í margar áttir í einu varðandi starfsemina á næsta ári, en í haust hyggjumst við skipuleggja ferð fyrir lykilmál nokkurra vel valinna ferðaskrifstofa um Dalina, til að reyna að fá fram eitthvað af föstum ferðum með hópa næsta árið. Aðrir ferðaþjónustuaðilar munu njóta góðs af þessari markaðssetningu, en með góðri samvinnu gerum við Dalina sterkari. Einnig erum við að hefja samtal við Grænlandinga í ferðaþjónustu tengt Brattahlíð um samstarf í markaðsstarfsemin og vörubrúun.

Við munum taka saman ítarlega skýrslu um gestakomur, tekjur og fleira sem tilgreint er í samningi okkar eftir árið, en vildum gera góða grein fyrir stöðunni í ljósi heimsfaraldurs.

Anna Sigga, Bjarnheiður, Pálmi og Reynir